

Föstudaginn 8. maí 1998.

Nr. 186/1998.

Jakob A. Traustason

(sjálfur)

gegn

Almennu málflutningsstofunni sf.

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Kærumál. Máli vísað frá Hæstarétti. Lögvarðir hagsmunir. Kæruheimild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 16. apríl 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 5. maí sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 6. apríl 1998, þar sem máli varnaraðila á hendur sóknaraðila var vísað frá dómi. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst sóknaraðili þess, að „hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en ef ekki, þá krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður um frávísun verði látinn standa, ef og að því marki, sem hann verður ekki sýknaður af umstefndri innheimtukröfu“. Sóknaraðili krefst einnig málskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurði héraðsdómara verði hrundið og málinu vísað heim í hérað til efnislegrar meðferðar. Hann krefst jafnframt kærumálskostnaðar.

Varnaraðili höfðaði mál þetta á hendur sóknaraðila til heimtu kröfu um þóknun fyrir lögmannspjónustu, að fjárhæð 861.003 krónur. Með hinum kærða úrskurði vísaði héraðsdómari málinu frá dómi án kröfu vegna nánar tilgreindra annmarka, sem hann taldi vera á málalíbúnaði varnaraðila.

Svo sem ráðið verður af b-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 105. gr. laga nr. 91/1991, er í lögnum byggt á þeirri meginreglu, að stefndi í einkamáli njóti ekki lögvarins réttar til að krefjast efnisdóms í máli, heldur verði hann að sæta því, að það verði meðal annars felld niður án

tillits til þess, hvort hann kunni fremur að vilja láta það ganga til efnisdóms um kröfu sína um sýknu. Þessi meginregla stendur því jafnframt í vegi, að stefndi geti leitað endurskoðunar á úrskurði um frávísun máls til að fá honum hnekk. Sóknaraðili nýtur því ekki hagsmuna, sem varðir eru að lögum, af fyrrgreindri kröfu sinni um, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Af þessum sökum og þar sem varnaraðili kærði ekki úrskurðinn fyrir sitt leyti, verður ekki komist hjá því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af kærumáli þessu.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.
